

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps,**  
**undirbúningsframkvæmdir Hvalárvirkjunar.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 25. júní 2018 breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025, sem samþykkt var í sveitarstjórn 30. janúar 2018.

Í breytingunni felst að iðnaðarsvæði I3 er fært til og heimild fyrir starfsmannabúðum bætt við, íbúðarsvæði ÍS1 er felld niður, vinnuvegir um virkjunarsvæði skilgreindir og þrjú efnistökusvæði skilgreind við Hvalárósa, í Hvalá og við Hvalárvatn.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 25. júní 2018.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 10. júlí 2018